

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug 150 mm eða gennri	kr. 225.000
Heimtaug 151 til 200 mm	kr. 245.000
Heimtaug 201 til 250 mm	kr. 260.000

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala, grunnur 2010, í nóvember 2019, 146,3 stig.

#### 3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjálfa.

#### 4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 10.630
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 2.363 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 15.940
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.545 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 31.890
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 7.092 pr./m <sup>3</sup>

#### 5. gr.

Fyrir aukulosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 39.500 fyrir hverja losun af rotþró 0–6.000 lítra. Fyrir aukulosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 7.092 fyrir hvern rúmmetra, ef rotþró er 6.001 lítra eða stærri. Að auki skal greiða kr. 512 fyrir ekinn kílómetra fyrir aukulosun.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 12. desember 2019, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í

Nr. 1314

17. desember 2019

Bláskógabyggð nr. 262/2008. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 106/2019.

*Bláskógabyggð, 17. desember 2019.*

**Ásta Stefánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2020